



Vogabyggð- Fleyvangur

Samkeppni um nýjan samþættan leik - og
grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð,
nýja göngu- og hjólabrú.

Keppnislýsing

Umhverfis- og skipulagssvið - USK

Skóla-og frístundasvið - SFS

Keppnislýsing nr. 15621

Samstarfsaðili:



Arkitektafélag Íslands

Mai 2023



Reykjavík

Efnisyfirlit

1	Almenn atriði	1
1.1	Yfirlit og almennt um samkeppnina.....	1
1.2	Markmið.....	1
1.3	Áherslur dómnefndar	2
1.4	Samkeppnisform.....	3
1.5	Þátttökuréttur.....	3
1.6	Hæfi keppenda	3
1.7	Dagsetningar.....	3
1.8	Tungumál samkeppninnar	4
1.9	Skil og afhending samkeppnisgagna.....	4
1.9.1	Leiðbeiningar útboðsvefs Reykjavíkurborgar	4
1.10	Fyrirspurnir	5
1.11	Dómnefnd, ráðgjafar og ritari dómnefndar.....	5
1.12	Trúnaðarmaður	6
1.13	Samkeppnisgögn	6
1.14	Vettvangsskoðun	7
1.15	Samkeppnistillögur - innihald og skil.....	7
1.16	Niðurstaða samkeppninnar	7
1.17	Rýnifundur.....	8
1.18	Höfundaréttur – almennt	8
1.18.1	Notkun á verðlaunatillögu	8
1.18.2	Notkun á samkeppnistillögu	8
1.18.3	Nýting annarra tillagna.....	8
1.18.4	Byggð verðlaunatillaga	8
1.18.5	Ágreiningur	9
1.18.6	Sýning á tillögum	9
1.18.7	Varðveisla tillagna	9
2	Lýsing verkefnis	9
2.1	Áfangaskipting verkefnis	9
2.2	Keppnissvæðið.....	11
2.3	Deiliskipulag	11
3	Samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð.....	12
3.1	Skóla og frístundabygging í Fleyvangi.....	12
3.2	Sveigjanleiki og fjölnýting.....	12
3.3	Vellíðan barna og starfsmanna	12
4	Rýmislýsingar	13

4.1	Sameiginleg rými	13
4.1.1	Anddyri – inngangar.....	13
4.1.2	Inngangar.....	14
4.1.3	Snyrtingar.....	14
4.1.4	Umferðarrými.....	14
4.1.5	Undirbúningsrými starfsmanna.....	14
4.1.6	Fundaraðstaða, ráðgjöf og þjálfun	14
4.1.7	Geymsla fyrir skólastarf og frístundastarf	14
4.1.8	Geymsla fyrir búnað.....	14
4.2	Heimasvæði.....	14
4.2.1	Mínna hóprými.....	15
4.2.2	Stærra hóprými	15
4.3	Heimasvæði: Yngsta stig leikskóla (12 mánaða – 4 ára).....	15
4.3.1	Hóprými.....	16
4.3.2	Snyrtingar.....	16
4.3.3	Inngangar.....	16
4.3.4	Fataklefi.....	16
4.3.5	Þurrkaðstaða.....	16
4.3.6	Snyrting fyrir gesti.....	16
4.3.7	Kaffikrókur	16
4.3.8	Snyrting fyrir útisvæði	16
4.3.9	Vagnageymsla	16
4.4	Heimasvæði: Efsta stig leikskóla, yngsta stig grunnskóla (5 - 9 ára) og frístundaheimili 16	
4.4.1	Smiðja.....	17
4.4.2	Inngangar.....	17
4.4.3	Fataklefi.....	17
4.4.4	Þurrkaðstaða.....	17
4.5	Miðstig grunnskóla (10 - 12 ára).....	17
4.6	Efsta stig grunnskóla (13 - 16 ára).....	18
4.6.1	Skólatorg og félagsrými.....	18
4.7	List og verkgreinar	18
4.7.1	Verkstæði.....	18
4.8	Sjónlistir (myndmennt)	19
4.8.1	Rými fyrir leirbrennsluofn (keramikofn)	19
4.8.2	Textílmennt.....	19
4.8.3	Hönnun og smíði.....	19
4.9	Heimilisfræði.....	20
4.10	Náttúrugreinar	20

4.11	Upplýsingamiðstöð	20
4.12	Tónlistarmiðstöð	21
4.12.1	Æfingarými fyrir tónlistarkennslu.....	21
4.12.2	Mynd og hljóðvinnsluherbergi	21
4.13	Fjölnotasalur.....	21
4.14	Skólamötuneyti.....	21
4.14.1	Skólaeldhús.....	21
4.14.2	Geymslur og uppþvottarými.....	22
4.14.3	Kæli- og frystiklefar.....	22
4.14.4	Þurrvörlager.....	22
4.14.5	Ræsting.....	22
4.14.6	Aðstaða starfsmanna	22
4.14.7	Snyrting starfsmanna	22
4.14.8	Búningaaðstaða starfsmanna	22
4.14.9	Vörumóttaka.....	22
4.15	Matsalur	22
4.16	Íþróttamiðstöð.....	22
4.16.1	Íþróttasalur.....	22
4.16.2	Hreyfisalur	23
4.16.3	Áhaldageymsla	23
4.16.4	Búningaaðstaða, sturtuklefar og snyrtingar	23
4.16.5	Búningsklefi – einstaklingsbundin aðstaða.....	23
4.16.6	Aðstaða starfsfólks/íþróttakennara	23
4.16.7	Hvíldaraðstaða/sjúkraherbergi	23
4.17	Stjórnunar- og starfsmannarými	23
4.17.1	Móttaka	23
4.17.2	Stjórnunarskrifstofur.....	23
4.17.3	Fundar- og viðtalsrými.....	24
4.17.4	Kaffistofa – og hvíldarrými	24
4.17.5	Gagnasmiðja	24
4.17.6	Fatahengi starfsfólks.....	24
4.17.7	Snyrtingar starfsfólks.....	24
4.17.8	Skólaheilsugæsla.....	24
4.18	Þjónusturými – Tæknirými	24
4.18.1	Inntaksrými/tölvurými/tæknirými fyrir loftræstikerfi	24
4.18.2	Ræstimiðstöð/þvottur	24
4.18.3	Verkstæði.....	25
4.18.4	Sorpflokkunarmiðstöð	25

4.18.5	Vörumóttaka.....	25
4.19	Útikennslustofa fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla.....	25
4.20	Færanlegar kennslustofur - byggingarreitur.....	25
5	Fleyvangur: Lóð, göngu- og hjólabrú.....	25
5.1	Lóð og útisvæði.....	25
5.2	Vatn og útisvæði.....	26
5.3	Öryggi – mörk og aðgengi.....	26
5.4	Náttúruupplifun.....	27
5.5	Útikennslusvæði.....	27
5.6	Náttúrugreinar.....	27
5.6.1	Heimilisfræði.....	27
5.6.2	Verkgreinar.....	27
5.6.3	Íþróttir/hreyfing.....	27
6	Hjóla og göngubrú.....	28
6.1	Tenging brúar við Vörputorg/almannarými og skólalóð.....	28
6.2	Göngu og hjólaleiðir að og frá brú.....	28
6.3	Æskilegur halli stíga og brúar.....	28
6.4	Breidd stíga og brúar.....	29
6.5	Gróður og landmótun á jöðrum brúar.....	29
6.6	Lýsingarhönnun.....	29

1 Almenn atriði

1.1 Yfirlit og almennt um samkeppnina

Reykjavíkurborg efnir til tveggja þrepa framkvæmdasamkeppni á nýjum samþættum leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð ásamt nýrri göngu- og hjólabrú á Fleyvangi. Mannvirkin munu þjóna nýrri Vogabyggð en gert er ráð fyrir allt að 1500 íbúðum á svæðinu.

Samþykkt aðalskipulag heimilar uppbyggingu 1900 íbúða. Á Fleyvangi verður einnig nýtt útivistarsvæði og almenningsrými borgarbúa og er útfærsla svæðisins hluti samkeppninnar. Brúin verður mikilvægt kennileiti fyrir svæðið og mikilvægasta samgönguæð milli íbúðabyggðar og skólabyggingar. Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu framkvæmdarinnar eftir því sem að íbúum fjölgar en gera má ráð fyrir 720 nemendum að uppbyggingu lokinni.

1.2 Markmið

Meginmarkmið samkeppninnar eru:

- að ná fram framúrskarandi og framsýnni byggingarlist og landslagshönnun sem skapar nýja umgjörð á Fleyvangi fyrir byggingu, brú og útisvæði fyrir skóla- og frístundastarf, samspil brúar og umhverfis
- að fanga staðaranda og þau gæði sem eru í nærumhverfi Fleyvangs og sérstöðu í borgarlandinu
- að sýna samspil og samþættingu mannvirkja, nærumhverfis og útisvæða
- að mynda örugga og áhugaverða tengingu á milli Vogabyggðar og Fleyvangs
- að byggja fyrir börn og unglinga - hönnunin skal fanga mismunandi þarfir og upplifun út frá aldri og þroska barna og unglinga ásamt því að umhverfið tryggji lífandi, kraftmikið og jákvætt umhverfi
- að vinna með sjálfbærni og vistvæna hönnun
- að ná fram hagkvæmni og huga að kostnaðargát

Í starfi þessa skóla verður mikil áhersla lögð á:

- samnýtingu rýma og sveigjanleika
- þverfaglega nálgun fagstétta og samvinna allra sem koma að skóla- og frístundastarfi
- samfellu í degi barnsins innan veggja skólans þ.e. frístundarstarfs og skólatíma
- sjálfstæði barna og samvinnu allra

Rýmisupplifun og hönnun þarf að tryggja sérstöðu og sérþarfir einstakra aldurshópa samhliða flæði, gegnsæi og yfirsýn í stóra samhenginu.

Helstu áherslur í Menntastefnu Reykjavíkurborgar eru:

Félagsfærni - samkennd og stuðningur – Með gegnsæi og sýnileika á milli rýma er stefnt að því að bjóða upp á þægilegt vinnuumhverfi – sem jafnframt eykur félagsfærni og jafnræði

Sjálfsefning - jafnræði/skóli og frístundastarf fyrir alla. Sameiginleg svæði, sem hvetja til virkni, leiks og samveru.

Læsi - umhverfið eflir læsi í víðum skilningi, þátttaka í daglegu lífi og samfélagi sem virkir einstaklinginn til að hafa áhrif. Nýrri nálgun í rýmisupplifun sem stuðlar að jákvæðri upplifun og vellíðan.

Sköpun- nýjar lausnir í útfærslum sem hvetja til samvinnu, sköpunar og lausnamiðaðrar hugsunar.

Heilbrigði - eflandi og hvetjandi umhverfi sem býður einnig upp á ró og næði.

Nýjar áherslur og aðferðafræði koma fram í menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar og Græna plan Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að keppendur kynni sér vel þau gögn en þau verða aðgengileg við skráningu í keppninni sem og á reykjavik.is/vogabyggð.

1.3 Áherslur dómnefndar

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi keppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til. Dómnefnd leggur áherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

Á 1. þrepi mun dómnefnd leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

(Bygging, brú og útisvæði)

1. Heildaryfirbragð og trúverðugleiki hugmynda.
2. Grunnhugmyndafræði, samsetning og innri tengingar skólabygginga(r).
3. Heildstæð og skýr sýn á samkeppnisvæðið.
4. Mælikvarði, lega og samspil mannvirkja, skólalóðar og útivistarsvæða.
5. Tengingar mannvirkja, bygginga(r) og brúar við aðkomuleiðir.
6. Lega og tengingar gatna og stíga innan samkeppnissvæðisins og við nærliggjandi umhverfi.

Auk ofangreindra atriða mun dómnefnd leggja áherslu á eftirfarandi atriði á 2. þrepi.

(Bygging, brú og útisvæði)

1. Byggingarlist og landslagshönnun.
2. Ný sýn/ferskleiki.
3. Tenging Vogabyggðar við Fleyvang.
4. Skilvirkt innra skipulag.
5. Markvissar tengingar inni- og útisvæða.
6. Fjölbreytni í rýmisupplifun.
7. Sveigjanleiki í notkun og skipulagi.
8. Vellíðan og öryggi/staðarbragur/einkenni.
9. Hlutverk dagsbirtu í byggingunni og á útisvæði.
10. Sjónrænar tengingar á milli svæða.
11. Hagkvæmni í framkvæmd og rekstri, Græna plan Reykjavíkurborgar.
12. Áfangaskipting.
13. Hvernig tillagan fangar kjarna Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
14. Hvernig tillagan fangar stefnu Reykjavíkurborgar um menntabyggingar.
15. Aðgengi og jafnrétti – samþykkt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

1.4 Samkeppnisform

Samkeppnin er tveggja þrepa framkvæmdasamkeppni. Á 1. þrepi setja keppendur fram hugmyndir um lausn viðfangsefnisins í samræmi við keppnislýsingu. Á 2. þrepi þróa keppendur tillögur sínar áfram. Samkeppnin fer fram í samræmi við þessa keppnislýsingu og fylgigögn, sem og lög nr. 120/2016 um opinber innkaup og innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Reglurnar eru aðgengilegar við skráningu í keppnina sem og á reykjavik.is/vogabyggð.

1.5 Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa þeir sem hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Keppendur sem vilja taka þátt en hafa ekki slíkt leyfi skulu tryggja sér samstarfsaðila sem uppfyllir skilyrðið. Þeir þátttakendur sem að komast áfram á 2. þrepi skulu leita samstarfs við landslagsarkitekt.

1.6 Hæfi keppenda

Um hæfi keppenda gildir 3. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Meginreglan varðandi hæfi keppenda er sú að þeir sjálfir beri ábyrgð á hæfi sínu. Keppendur geta haft samband við trúnaðarmann ef upp koma vafatilfelli skv. vanhæfisreglu stjórnssýslulaga.

1.7 Dagsetningar

1. þrep:

Samkeppnisferlið hefst með auglýsingu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og/, samhliða er keppnislýsing opinber á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Keppnislýsing aðgengileg	2. maí	
Skilafrestur fyrirspurna	12. maí	kl. 13:00
Svör við fyrirspurnum	17. maí	
Skilafrestur tillagna á 1. þrepi	8. júní	kl. 13:00
Niðurstaða dómnefndar á 1. þrepi	28. júní	

2. þrep:

Vinna við 2. þrep hefst	29. júní	
Skilafrestur fyrirspurna	10. ágúst	kl. 13:00
Svör við fyrirspurnum	17. ágúst	
Skilafrestur tillagna á 2. þrepi	10. október	kl. 13:00

Niðurstaða dómnefndar tilkynnt í október

Vakin er athygli á því að hægt er að skila inn gögnum á 1. þrepi frá opnun samkeppninnar og fram til 8. júní kl. 13:00. Þar sem um rafræn skil er að ræða er það nýjasta útgáfan sem er skilað sem gildir. Þriðjudaginn 6. júní kl. 13:00 -16.00 og 7. júní frá kl. 9.00 til kl. 12:00 er hægt að hafa samband við fulltrúa Innkaupskrifstofu á netfangið utbod@reykjavik.is eða hringja í síma 411-1040, og fá leiðbeiningar varðandi innkaupavefinn.

Ef þörf krefur áskilur dómnefnd sér rétt til að breyta ofanverðum dagsetningum. Allar breytingar og upplýsingar verða kynntar og sendar út til skráðra þátttakenda á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Keppendur er hvattir til að nýta sér þau tækifæri sem eru í rafrænni skráningu og kynna sér með góðum fyrirvara skil gagna.

1.8 Tungumál samkeppninnar

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska og sama á við um verkefnið sjálft eftir samkeppnina. Öll gögn keppenda, svo sem fyrirspurnir, greinargerðir og útskýringar á teikningum við skil tillögu, skulu vera á íslensku. Sama gildir varðandi allt ritað efni sem verkkaupi eða fulltrúar hans senda frá sér. Texti sem skilað er inn á öðru tungumáli verður ekki tekinn til greina. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku.

1.9 Skil og afhending samkeppnisgagna

Samkeppnisgögn verða aðgengileg á útboðsvef Reykjavíkurborgar frá og með 2. maí 2023, útboðsnúmer 15621, sjá: <https://utbod.reykjavik.is/>, á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/vogabyggd og á vef Arkitektafélags Íslands, www.ai.is. Keppendur þurfa að skrá sig inn á Innkaupavef Reykjavíkurborgar <https://utbod.reykjavik.is/> til þátttöku til að tryggja að allar upplýsingar varðandi samkeppnina berist þeim.

Í 1. þrepi skila keppendur gögnum rafrænt gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar: <https://utbod.reykjavik.is/vogabyggd>. Í 2. þrepi samkeppninnar skila keppendur inn tillögum útprentuðum, rafrænum á pdf. formi 4xA0, auk líkans. Útprentuðum gögnum skal skilað til trúnaðarmanns samkeppninnar á skrifstofu Arkitektafélagsins, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, milli kl. 9.00-13.00 10. október. Frekari upplýsingar um skilagögn má sjá í kafla 1.15 Samkeppnistillögur - innihald og skil.

1.9.1 Leiðbeiningar útboðsvefs Reykjavíkurborgar

Vefviðmótið kemur upp á íslensku ef íslenski fáninn er valinn neðst á síðunni.

- Ef keppendur hafa ekki aðgang að vefnum er nauðsynlegt að velja:
- „Nýskráningu“
- Verkefnið er aðgengilegt öllum undir flípanum „Útboð“ og þar „Aðgengileg“
- Smellið á verkefnið í listanum eða veljið „Skoða nánar“
- Smellið á „Sýna áhuga“ og þá opnast nýr flípi með aðgengi að gögnum og skilasvæði
- Hægt er að skoða gögn eða hlaða þeim niður
- Ef keppandi hefur áhuga á að taka þátt í keppninni er smellt á „Tek þátt“
- Keppendur hlaða upp þeim skjölum sem beðið er um með því að smella á „Hlaða upp skjali“
- Þegar keppendur hafa lokið við að hlaða upp öllum umbeðnum skjölum er smellt á „Staðfesta skil“

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar er hlutlaus milliliður milli keppenda og dómnefndar og sendir fyrirspurnir og tillögur til trúnaðarmanns sem staðfestir nafnleynd og kemur gögnum áleiðis til dómnefndar.

Verklag Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi meðferð tillagna

Þegar niðurstaða dómnefndar liggur fyrir, mun dómnefnd tilkynna Innkaupaskrifstofu fyrirætlanir um val á tillögu og í kjölfarið tilkynnir Innkaupaskrifstofa keppendum um ákvörðun dómnefndar.

1.10 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir skal senda beint á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Fyrirspurnir og svör verða send beint til skráðra þátttakenda, ásamt því að upplýsingar, fyrirspurnir og svör við þeim munu birtast á innkaupavefnum.

1. þrep

Skilafrestur fyrirspurna	12. maí	kl. 13:00
Svör við fyrirspurnum	17. maí	

2. þrep

Skilafrestur fyrirspurna	10. ágúst	kl. 13:00
Svör við fyrirspurnum	17. ágúst	

1.11 Dómnefnd, ráðgjafar og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Tilnefnd af kaupanda:

- Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri nýbygginga, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg, formaður dómnefndar
- Ásdís Olga Sigurðardóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála, Skóla – og frístundasvið, Reykjavíkurborg
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri, Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborg
- Hrafnhildur Sverrisdóttir, verkefnastjóri, Skipulagsfulltrúa, Reykjavíkurborg

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

- Steve Christer, arkitekt FAÍ, Studio Granda
- Steinþór Kári Kárason, arkitekt FAÍ, Kurt og Pí

Tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta:

- Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, Landlínur

Ritari dómnefndar er:

- Anna María Benediktsdóttir, verkefnastjóri, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg

Ráðgjafar dómnefndar eru:

- Þórdís Eik Friðþjófsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskólamála, Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborg
- Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, ráðgjafaverkfræðingur
- Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Kringlumýri

- Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla
- Höskuldur R. Guðjónsson, samgönguverkfræðingur (PhD), Reykjavíkurborg
- Kristinn Jón Eysteinnsson, byggingatæknifræðingur, skipulagsfræðingur, Reykjavíkurborg
- Marta María Jónsdóttir, verkefnastjóri Skrifstofa framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg
- Ragna Kristín Gunnardóttir, leikskólastjóri Ævintýraborg, Vogabyggð
- Rebekka Guðmundsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar, Reykjavíkurborg

1.12 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður samkeppninnar, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands:

- Gerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. AÍ- Sími: 780-2228, trunadarmadur@ai.is

1.13 Samkeppnisgögn

1. Keppnislýsing þessi nr. 15621 - Hún gefur yfirlit yfir samkeppnina. Í kafla 3 og 4 eru rýmin skilgreind og notkun þeirra, lýsingar í köflunum eru leiðbeinandi. Í kafla 5 og 6 eru leiðbeinandi lýsingar, og hugmyndir á notkun á lóð, útisvæðum, göngu- og hjólabrú.
2. Húsrýmisáætlun – Í húsrýmisáætlun kemur fram áfangaskipting byggingarinnar og er keppendum bent á að hafa hana til hliðsjónar við úrlausn samkeppninnar. Í rýmistöflu eru öll rýmin tilgreind og viðmiðunarstærðir þeirra í hverjum áfanga. *Tekið er fram að stærðir eru leiðbeinandi.*
3. Skýringamynd gefur yfirlit yfir fjölda rýma og helstu tengsl þeirra. *Tekið er fram að skýringamynd er leiðbeinandi.*

Hönnunarleiðbeiningar:

Mikilvægt er að keppendur kynni sér mjög vel neðangreindar leiðbeiningar:

4. Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarfs
5. Menntastefna Reykjavíkurborgar
6. Græna Planið, Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
7. Stefna Reykjavíkurborgar um hjólréiðaáætlun
8. Samþykkt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar
9. Samantekt Hugarflugsfundar vegna nýrrar skóla- og frístundabyggingar

Fylgiskjöl:

10. Gildandi deiliskipulag
11. Ljósmyndir
12. Borgarlína
13. Afmörkun samkeppnissvæðis
14. Grunnkort, deiliskipulag loftmynd á dwg, dxf, dgn og pdf formi
15. Þrívíddargrunnur
16. Líkan verður aðgengilegt á 2. þrepi (útfærsla)

Fylgiskjöl og hönnunarleiðbeiningar er hægt að nálgast við skráningu á Innkaupavef Reykjavíkurborgar <https://utbod.reykjavik.is/>

1.14 Vettvangsskoðun

Ekki verður um sérstaka vettvangsskoðun að ræða en keppendum er frjálst að fara um samkeppnissvæðið að vild.

1.15 Samkeppnistillögur - innihald og skil

Á 1. þrepi samkeppninnar skila keppendur eftirfarandi gögnum.

- Afstöðumynd 1:2500 með aðliggjandi byggð og tengingum við þau svæði.
- Skýringamyndir 1:1000 sem sýnir nálgun verks, hugmyndafræði, skipulag, innra og ytra flæðirit, og kvarða. Aðalaðkoma, staðsetning brúar og bygginga, tengingu inni í byggingu, á milli, úti og innisvæða.
- Greinargerð að hámarki 500 orð í 12.pt, allt eftir 500 orð verður ekki tekið til greina.
- Það er tekið skýrt fram að ekki er óskað eftir renderingu í þessu þrepi.
- Skil skulu vera á 3xA3 í pdf. formati.
- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í 1x2,5cm reit neðst í hægra horni.

Á 2. þrepi samkeppninnar skila keppendur eftirfarandi gögnum.

- Afstöðumynd 1:1000 með aðliggjandi byggð og tengingum.
- Grunnmynd(ir) skólabygging, brú og lóð 1:200.
- Útlit og sneiðingar skólabygging, brú og lóð 1:200.
- Hlutasneiðing og útlit 1:20.
- Greinargerð að hámarki 1500 orð í 12.pt., allt eftir 1500 orð verður ekki tekið til greina.
- Rendering/þrívíddar- og skýringarmyndir eins og þörf er á til að útskýra tillögu.
- Skil skulu vera á 4 x A0 - límd upp á plansa. Jafnframt skal skila gögnum á pdf formati.
Eftirfarandi viðbótargögnum skal skilað útprentuðum og innbundnum í A3 og jafnframt í A3 pdf:
- Forsíða með valinni mynd(um) frá plansa 1 blaðsíða A3.
- Útprentuð greinargerð (án myndefnis í 12pt.) 2 blaðsíður A3, allt eftir 2 blaðsíður verður ekki tekið til greina.
- Rýmistafla
- 4 x A0 minnkaðir í A3
- Verkkaupi útvegar 50x50cm 1:1000 líkan af keppnissvæði. Keppendur skulu skila hvítu líkani af sinni tillögu á það.
- Auðkenna skal öll 4 x A0 með fimm stafa tölu í 2 x 5,0 cm reit neðst í hægra horni, á forsíðu innbundinnar greinargerðar og á suðurkant líkans, hægra megin.

1.16 Niðurstaða samkeppninnar

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum á þeim tíma sem getið er um í kafla 1.7 lykildagsetningar. Í lok 1. þreps velur dómnefnd að lágmarki fjórar tillögur til frekari úrvinnslu í 2. þrepi samkeppninnar. Keppendur sem verða valdir til þátttöku í 2. þrepi fá í

hendur álit og umsögn dómnefndar, en nafnleynd verður ekki rofin fyrr en lokið verður við að dæma 2. þrep keppninnar. Keppendur sem valdir verða á 2. þrepi fá greitt 5.000.000 kr. auk vsk. Verðlaun eru veitt fyrir vinningstillögu á 2. þrepi að verðmæti 5.000.000 kr. auk vsk. Einungis verða veitt verðlaun fyrir 1. verðlaun. Tillögum verður ráðað í efstu þrjú verðalaunasætin. Dómnefnd mun leggja áherslu á að gefa út heildarumsögn um samkeppnina.

1.17 Rýnifundur

Haldinn verður rýnifundur í samstarfi við AÍ. Dómnefnd gerir á þessum fundi grein fyrir dómnefndarstörfum og gefst þátttakendum tækifæri til að ræða um tillögur við dómnefnd. Verkaupi getur falið AÍ að halda rýnifund.

1.18 Höfundaréttur – almennt

Allar innsendar samkeppnistillögur teljast höfundarvarin verk, og njóta höfundar þeirra verndar og þeirra réttinda sem kveðið er á um í íslenskum höfundalögum nr. 72/1973.

1.18.1 Notkun á verðlaunatillögu

Samið er við höfund fyrstu verðlaunatillögu um hönnun verkefnisins, ef viðunandi samkomulag næst milli höfunda og Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg fær afnotarétt til notkunar á heildarverðlaunatillögu. Reykjavíkurborg fær afnot allra gagna vinningstillögu á 2. þrepi sem til verða við vinnslu verkefnisins eins og því er lýst í samningi þessum, s.s. greinargerðum uppdráttum, skuggavarpsgögnum, þrívíddarlíkönunum, þrívíddarmynd og skýringaruppdráttum. Í því samkomulagi skal jafnframt gera grein fyrir hvernig kynningu skuli háttað og hvernig virða eigi nafngreiningarréttinn og aðra hluta sæmdarréttarins, sem og hvernig fer um endurnotkun, bæði af hendi Reykjavíkurborgar og af hendi þriðja aðila.

1.18.2 Notkun á samkeppnistillögu

Reykjavíkurborg fær birtingar- og sýningarrétt allra innsendra tillagna í samkeppninni. Í öllum tilvikum skal höfunda(r) getið og sæmdarréttur höfunda(r) virtur.

1.18.3 Nýting annarra tillagna

Þeim sem falin er framhaldsvinna eftir samkeppni, er aðeins heimilt að nýta sér hugmyndir úr verðlaunatillögu. Til þess að heimilt sé að nota aðrar tillögur í heild eða að verulegu eða óverulegu leyti, þarf samþykki viðkomandi höfunda og greiðslu til höfundar fyrir afnot af tillögunni.

1.18.4 Byggð verðlaunatillaga

Virða skal sæmdarrétt höfundar og ekki breyta verki né afbaka þannig að skert geti höfundarheiður hans eða sérkenni. Ekki þarf samþykki höfundar vegna breytinga sem teljast nauðsynlegar við venjulegt viðhald á mannvirki, eða breytingar sem einungis teljast tæknilegar útfærslur verks, sbr. 13. gr. höfundalaga nr.73/1972. Leita skal samráðs við höfund ef breyta þarf efnisvali eða útliti við viðhald byggingar. Allar aðrar breytingar þurfa

samþykki höfundar og skulu gerðar í samráði við hann og með hans viðveru, verði því komið við, og leiða þær þá til nýs samkomulags og greiðslna. Höfundur skuldbindur sig til þess að vinna við þær breytingar sem krefjast viðveru hans, og skulu ákvörðuð í viðbótasamningnum. Ef Reykjavíkurborg fer þess á leit við höfund að gera breytingar á hönnun/verki, skuli báðir aðilar leitast við að að finna lausn vegna þessa.

1.18.5 Ágreiningur

Ef upp kemur ágreiningur um aðra nýtingu eða túlkun á þessari samkeppnislýsingu sem og breytingu verksins, skulu samningsaðilar reyna eftir fremsta megni að ná samkomulagi, ella skipa óformlega úrskurðarnefnd þriggja aðila, einn frá Reykjavíkurborg, einn frá AÍ, auk þess höfundar sem í hlut á. Skal nefndin fjalla um álitid og skila sérstöku álitum um úrlausn málsins til málsaðila. Nefnd þessi útilokar ekki að málsaðilar geti síðar meir leitað úrlausnar dómstóla.

Falli Reykjavíkurborg frá frekari áformum um að framkvæma skv. 1. verðlaunatillögunni, skal greiða 1. verðlaunahafa bætur að andvirði fyrstu verðlauna. Í kjölfarið mun Reykjavíkurborg taka upp samningaviðræður við verðlaunahafa þeirrar tillögu sem næstur er í röðinni skv. álitum dómnefndar

1.18.6 Sýning á tillögum

Verkkaupi mun halda sýningu á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur farið yfir þær. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni að samkeppni lokinni.

1.18.7 Varðveisla tillagna

Öll gögn sem koma inn í samkeppnina verða vistuð hjá Reykjavíkurborg í samræmi við lög um opinbera skjalavistun. Samkeppnistillögur verða einnig vistaðar hjá AÍ, sem mun varðveita þær og birta allar tillögur á heimasíðu AÍ. Tillögurnar verða að lokum varðveittar hjá Þjóðskjalasafni samkvæmt samningi milli safnsins og AÍ.

2 Lýsing verkefnis

2.1 Áfangaskipting verkefnis

Áhersla er lögð á sveigjanleika byggingarinnar þ.e.a.s. að möguleiki verði á frekari stækkun skólans m.t.t. hugmynda um frekari uppbyggingu íbúða á svæðinu. Í tillögu skal gera ráð fyrir öllum þremur áföngum mannvirkisins eins og kemur fram í keppnislýsingu og rýmisáætlun.

Upptalning rýma hér að neðan í 1. og 2. áfanga er ekki tæmandi.

Í 1. áfanga er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Nýrri göngu- og hjólabrú
- Aðkomu / heildarskipulag svæðis
- Heimasvæði fyrir börn 12 mánaða til 4 ára
- Heimasvæði fyrir börn 5 ára til 9 ára ásamt frístundaheimili

- Hóprými
- Undirbúningsrými starfsmanna
- Fundaraðstaða, ráðgjöf og þjálfun
- Smiðju
- Mötuneyti
- Fjölnotasal
- Hreyfisal
- Sameiginleg svæði
- Sameiginleg stjórnunar- og starfsmannarými
- Útikennslustofa
- Byggingarreitur fyrir færanleg hús

Í 2. áfanga er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Heimasvæði fyrir 10 til 12 ára nemendur
- Heimasvæði fyrir 13 til 15 ára nemendur
- Hóprými
- Undirbúningsrými starfsmanna
- Fundaraðstaða, ráðgjöf og þjálfun
- Skólatorg/félagsrými
- Námsrými fyrir list – og verkgreinar
- Námsrými fyrir náttúrugreinar
- Upplýsingamiðstöð
- Tónlistarmiðstöð
- Íþróttamiðstöð

Í 3. áfanga er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Fjölgun heimasvæða og tengdra rýma.
- Keppendur sýna byggingarreit/byggingarreiti sem sýna mögulega stækkun byggingarinnar. Stærð byggingarreits er allt að 1300 m².
- Framtíðar íbúasamsetning og fjöldi barna á leik- og grunnskólaaldri mun ráða gerð heimasvæða í 3. áfanga byggingarinnar.

Heildarstærð bygginga í 1. áfanga er allt að 4700 m² auk útikennslustofu og byggingareit fyrir færanlega skála. Í 2. áfanga er gert ráð fyrir allt að 2400 m² byggingarmagni + íþróttamiðstöð. Í 3. áfanga er gert ráð fyrir allt 1300 m² byggingarmagni.

Færanlegar einingar – Ævintýraborg

Staðsetning á Ævintýraborg, færanlegu húsnæði á Fleyvangi á ekki að hindra framtíðar uppbyggingaráform nýrrar byggingar. Þær eru tímabundin lausn þar til uppbygging hefst á svæðinu og eiga þær ekki að hafa áhrif á hönnun keppenda.

2.2 Keppnissvæðið



Keppnissvæðið afmarkast að því svæði sem sýnt er innan þessa reits

2.3 Deiliskipulag

Fyrir liggur gildandi deiliskipulag af svæðinu unnið af *Teiknistofunni Tröð og Jvantspijker Urbanism Architecture Research*, samþykkt í borgarráði 10. janúar 2019.

Keppendur eru hvattir til að kynna sér deiliskipulagið vegna innviða, sérstaklega um graftrar- og lagnakvöð sem liggur um svæðið, og vegna starfsemi, náttúru og nærumhverfisins, sérstaklega Háubakka sem er friðlýst náttúruvætti, hafnarsvæði Snarfara og Elliðaárósa og vistkerfi þeirra.

Í deiliskipulagi eru skilgreind lóð, byggingarmagn, byggingarreitur og hæð byggingar fyrir skólabyggingu. Vegna breyttra forsendna frá því deiliskipulagið var unnið, er keppendum heimilt að víkja frá þeim skilmálum í tillögum sínum. Krefjist vinningstillaga breytingar á gildandi deiliskipulagi þá verður eftir atvikum farið í vinnu við deiliskipulagsbreytingar í kjölfar samkeppninnar. Viðmið um nýtt byggingarmagn er allt að 10000 m² og allt að 4 hæða byggingu með frjálsu þakformi. Samhliða aukningu á byggingarmagni er einnig heimilt að horfa til breytingar á formi og stærð byggingarreits og skólalóðar. Óskað er eftir því að keppendur komi með heildstæða sýn á svæðið.

3 Samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð

3.1 Skóla og frístundabygging í Fleyvangi

Í byggingunni tengist saman starf leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar og tónlistarnáms þar sem fer fram samhæft skóla- og frístundastarf allan daginn, allan ársins hring. Þegar mannvirknið er fullbyggt dvelja börnin þar frá 1 árs aldri til 15 ára aldurs.

Eftirfarandi þarf að hafa í huga:

- Hönnun mannvirkisins og rýmisupplifun þess á að veita öryggi, vellíðan og yfirsýn.
- Hvert skólastig á að hafa sína sérstöðu þannig að nemandinn upplifi vissa þróun í umhverfinu eftir því sem hann eldist.

Daglegt líf einkennist af gagnkvæmri virðingu, í umhverfi sem veitir hlýju og heldur vel utan um börnin og þau eiga að upplifa öryggi. Í gegnum nám og leik öðlast börnin þroska til að sýna ábyrgð og samkennd, þar sem sjálfstæð hugsun og jafnræði ólíkra einstaklinga og aldurshópa eflist.

Mikilvægt er að mannvirkin og umhverfið veiti umgjörð fyrir upplifun af ýmsu tagi þannig að barnið varðveiti og efli forvitni sína og frumkvæði. Einnig að starfsfólki gefist tækifæri til að vinna heildstætt með þverfaglegum áherslum, fjölbreytni og tengsl við barnið.

Byggingin á að tengjast umhverfinu og samfélaginu þannig að börnin læri á nærumhverfið. Þess vegna er mikilvægt að hluti námsins verði úti á skilgreindum svæðum við bygginguna og þau nýtileg allt árið. Börn og unglingar eiga að hafa möguleika á því að nota útisvæðin allan daginn, á meðan á skólanum stendur og að loknum skóladegi. Hluta útisvæðanna á að útfæra þannig að börn, unglingar og aðrir íbúar í nærumhverfinu geti nýtt sér svæðið.

3.2 Sveigjanleiki og fjölnýting

Öll rými byggingarinnar eru fyrir formlegt og óformlegt nám, þ.e. jafnt skóla – og frístundastarf. Óskað er eftir fjölbreytni í rýmisupplifunum og möguleika á sveigjanleika í notkun á milli ólíkra svæða. Fjölbreytni rýma og rýmisupplifun á að mynda ramma utan um starfsemina. Það þýðir að hægt á að vera að nýta svæði og rými fyrir mismunandi starfsemi á mismunandi tímum dags allan ársins hring. Mikilvægt er að tryggðar séu sjónrænar tengingar, þ.e. að mikill sýnileiki og gagnsæi sé á milli sem flestra rýma innan byggingarinnar auk tenginga við ytra umhverfi.

3.3 Vellíðan barna og starfsmanna

Markmiðið er að skapa umhverfi sem veitir vellíðan og tryggir góðar forsendur til náms, leiks og starfs. Rými í byggingunni eiga að vera fjölbreytt og örva skynjun þeirra sem þar dvelja með jákvæðum hætti. Mikilvægt er að umhverfið hvetji til skapandi hugsunar og athafna, þar sem notendur eru gerendur en ekki einungis þiggjendur.

Mikilvægt er að svæði innan byggingarinnar hafi sína sérstöðu þannig að notendur, viti hvaða svæði þau tilheyri – hvar þau eigi heima. Byggingin á að hafa hlýlegt og heimilislegt yfirbragð. Börn og unglingar eiga að fá raunverulegt tækifæri til setja sinn svip á umhverfið, þar sem þeirra sköpun og ímyndunarafli fær að njóta sín.

Áhersla er lögð á gæði dagsbirtu innan byggingarinnar (bygginganna) og að almennt njóti rými hennar (þeirra) góðrar dagsbirtu. Loftgæði í byggingunni skulu vera tryggð sem og góð hljóðvist, sem skal vera hugsuð út frá nýtingu hvers svæðis fyrir sig.

Rík áhersla er lögð á algilda hönnun.

4 Rýmislýsingar

4.1 Sameiginleg rými

Sameiginleg rými sem tengja saman svæði byggingarinnar, eiga að stuðla að jákvæðum skóla- og staðarbrag og vera aðlaðandi og björt, örva og vekja forvitni. Þau geta verið íverusvæði í frímínútum eða vinnusvæði og því þarf að skapa þar aðstæður til hreyfingar, einbeitingar og slökunar.

Umhverfið á að hvetja til virkni og hreyfingar til að mynda með hreyfistöðum s.s. með rimlum, köðlum, klifurveggjum á göngum. Börnin eiga að hafa tækifæri til að nota líkamann á mismunandi hátt og hvetja skal til hreyfingar í skóla- og frístundarstarfinu hvort heldur í frjálsum tíma eða í stuttum þásam frá almennri kennslu eða starfi. Óskað er eftir tillögum sem miða að því.

Inna gegnsæi skal tryggt á milli sameiginlegra rýma og annarra rýma með gluggum og glerveggjum þannig að börnin upplifi sig sem virka þátttakendur í fjölbreyttu námssamfélagi en ekki ein á ferð á milli lokaðra heimasvæða.

4.1.1 Anddyri – inngangar

Inngangar byggingarinnar eiga að vera bjartir og opnir. Þeir eiga að tryggja gott aðgengi frá íbúahverfi og útisvæði. Hér er góð yfirsýn og auðvelt að nálgast upplýsingar um starfsemina, þessi staður er ekki bara inngangur heldur eitthvað annað og meira. Hér er óskað eftir því að umhverfið bjóði upp á rými til samveru og upplifunar, t.d. tröppur verða setrými, þar er hægt að klifra, hanga. Staðsetning innganga þarf að vera vel ígrunduð til að tryggja góða aðgangastýringu í samnýttu skóla- og frístundahúsnæði svo að ólík starfsemi geti farið fram. *(Athugið lýsingar eru leiðbeinandi)*

- Á yngsta stigi leikskóla eru 2-3 inngangar fyrir 10 heimasvæði
- Á efsta stigi leikskóla og yngsta stigi grunnskóla er 2-3 inngangar fyrir 8 heimasvæði
- Fyrir miðstig og unglingastig er 1-2 inngangar fyrir 8 heimasvæði

Einnig þarf að gera ráð fyrir:

- Inngangi í tengslum við móttöku, matsal/fjölnotasal og stjórnun.
- Inngangi í tengslum við íþróttamiðstöð, tónlistamiðstöð, félagsrými
- Vörumóttöku eldhús
- Vörumóttöku tækni og þjónusturými

4.1.2 Inngangar

Í inngöngum eiga að vera geymslur fyrir skófatnað og föt. Þeir geta verið sameiginlegir fyrir ólík skólastig.

4.1.3 Snyrtingar

Aðgengi að snyrtingum er almennt frá sameiginlegu rými (sjá þó lýsingu á heimasvæðum yngstu barnanna). Allar snyrtingar eiga að vera í sérrými þar sem er vatnssalerni og handlaug.

4.1.3.1 Snyrtingar algild hönnun

Tryggja á aðgengi allra varðandi snyrtingar.

4.1.3.2 Þjónusturými fatlaðra

Tryggja skal aðgengi að þjónusturými fatlaðra.

4.1.4 Umferðarrými

Lögð er áhersla á það að allir gangar, stigar séu ekki einungis gangsvæði/umferðarrými heldur gegni hlutverki í markvissu skóla- og frístundastarfi eins og lýst er í kafla um sameiginleg svæði.

4.1.5 Undirbúningsrými starfsmanna

Starfsfólk þarf undirbúningsrými sem hentar bæði til hópvinnu, funda og einstaklingsvinnu. Þau eiga að vera afmörkuð og í nálægð við heimasvæðin. Allt starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimils og félagsmiðstöðvar samnýta rýmin. Allt að átta starfsmenn fjögurra-fimm heimasvæða geta verið á sama tíma í undirbúningi. Þar eiga að vera góðar hirslur og munaskápar.

4.1.6 Fundaraðstaða, ráðgjöf og þjálfun

Gera á ráð fyrir herbergi í nálægð við heimasvæðin sem nýtist til funda og einnig fyrir ráðgjafa skóla- og frístundaþjónustu (s.s. sálfræðingur, hegðunarráðgjafi, kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur). Þessi aðstaða á einnig að geta nýst til þjálfunar og sérkennslu. Mikilvægt að börn upplifi þægilegt og gott aðgengi að ráðgjöfum. Rýmin skulu vera björt og í nálægð við heimasvæði og sameiginleg svæði.

4.1.7 Geymsla fyrir skólastarf og frístundastarf

Geymsla fyrir skóla- og frístundastarf.

4.1.8 Geymsla fyrir búnað

Aðstaða til að geyma búnað barna og nemenda með sérþarfir.

4.2 Heimasvæði

Hugtakið heimasvæði er hér notað bæði fyrir rými barna á leik- og grunnskólaaldri. Fyrir rými barna á leikskólaaldri kemur heitið heimasvæði í stað leikskóladeildar og fyrir

grunnskólabörn í stað bekkjarstofu. Á yngsta stigi grunnskóla eru heimasvæðin einnig ætluð fyrir frístundarstarf.

Heimasvæðin eru stór hluti byggingarinnar og um leið svæði þar sem mjög fjölbreytt starfsemi fer fram. Þau eiga að hæfa mismunandi starfsemi, ólíkum náms-, starfs- og kennsluaðferðum, samstarfi og samveru. Með því að hafa fjölbreytta nýtingu á heimasvæði skapast aðstæður fyrir börn að velja sér náms- og starfsumhverfi við hæfi. Lögð er áhersla á teymisvinnu og samkenndu árganga og á að geta skipt hópum niður í smærri eða stærri hópa yfir daginn.

Í öllu starfi verður lögð áhersla á athafnamiðað nám barna með rannsóknarvinnu og því mikilvægt að umhverfið styðji við þá vinnu með sveigjanleika og fjölbreyttum gerðum svæða sem ýta undir samtal, forvitni og nýsköpun. Áherslur breytast eftir aldri, hjá yngri nemendum er meiri áhersla á uppgötvunarnám og læra í gegnum leik, hjá eldri verður meira samvinnunám og hópavinna. Hugsu þarf rýmin sem fjölbreyttar gerðir vinnustöðva fyrir nemendur, barnið hafi val um hvar það vinnur vinnu sína. Sem dæmi um svæði sem koma til greina.

- Samvinnurými - hópinnuborð (hringlaga eða ferhyrnt 4-8 við hvert borð).
- Svæði fyrir sófa, mottur pullur og púða.
- Há borð sem hægt er að standa/sitja við.
- Rými þar sem er auðveldara að einbeita sér, einstaka afmörkuð borð eða sófaeiningar.
- Hugsunin er að víkja frá hugmyndinni um eitt borð og einn stóll fyrir hvert barn sem snýr að kennaraborði.

Innréttingar eiga að vera á hverju heimasvæði þar sem er vaskur og möguleiki á að geyma námsefni og gögn. Hluti þeirra má vera færnanlegur til að auka sveigjanleika í rýmunum og mæta ólíkum þörfum.

4.2.1 Minna hóprými

Hóprými eru helst notuð þegar nám og starf fer fram í fámennari hópum. Inn á hverju heimasvæði er hóprými nema á yngsta stigi leikskóla þar eru tvö hóprými. Mikilvægt er að gegnsæi sé á milli rýma.

4.2.2 Stærra hóprými

Í tengslum við hver tvö heimasvæði er eitt stærra samnýtanlegt hóprými aðgengilegt frá sameiginlegu svæði. Gildir það um miðstig og unglingsstig.

4.3 Heimasvæði: Yngsta stig leikskóla (12 mánaða – 4 ára)

Innan hvers heimasvæðis er eitt leikrými, tvö hóprými og ein snyrting sem er sameiginleg fyrir tvö heimasvæði. Tvö heimasvæði eiga að tengjast svo fjölbreyttara starf og flæði barna sem starfsfólks milli heimasvæða sé mögulegt. Eðlilegt er að heimasvæði yngstu leikskólabarnanna séu aflokuð öryggisins vegna. Á heimasvæði fer meðal annars fram frjáls leikur og samverustundir. Æskilegt að góðar tengingar eru við innigarða/útisvæði. Eftirtalin atriði varða heimasvæði yngstu barnanna á leikskólastigi:

4.3.1 Hóprými

Á hverju heimasvæði eru tvö hóprými. Rýmin eiga að veita öryggi og hlýju því þau eru til dæmis notuð til hvíldar. Mikilvægt er að gegnsæi sé á milli rýma.

4.3.2 Snyrtingar

Snyrtingar er samnýttar af tveim heimasvæðum og innangengt af báðum. Á hverri snyrtingu skal gera ráð fyrir tveimur skiptiborðum, 4 upphengdum vatnssalernum með skilrúmum, vaskarennu og handlaug starfsfólks. Mikilvægt er að sjónræn tenging sé á milli snyrtinga og heimasvæðis.

4.3.3 Inngangar

Gera skal ráð fyrir að 2-3 inngöngum og fatahólf fyrir alls 10 heimasvæði. Í inngöngum eiga að vera geymslur fyrir skófatnað barna.

4.3.4 Fataklefi

Í fataklefa skulu vera fatahólf í hæð miðað við aldur barnanna og skóhillur. Einnig skulu vera fataskápar fyrir vinnufatnað starfsmanna. Gera skal ráð fyrir vaski. Skáp fyrir kústa, sjúkrakassa, óskilamuni og annað dót.

4.3.5 Þurrkaðstaða

Gera skal ráð fyrir þurrkaðstöðu í lokuðu rými fyrir útiföt. Þarf að vera í tengslum við fataklefa.

4.3.6 Snyrting fyrir gesti

Gera skal ráð fyrir snyrtingu fyrir gesti á sameiginlegu svæði við heimasvæði yngstu barnanna.

4.3.7 Kaffikrókur

Á sameiginlegu svæði á að gera ráð fyrir „kaffikrók“ fyrir foreldra barna í aðlögun.

4.3.8 Snyrting fyrir útisvæði

Sér snyrting þarf að vera í tengslum við útileiksvæði. Má vera tengt utanfrá eða við fatahólf svo börn þurfi ekki að fara inn til að fara á salerni. Tryggja aðgengi allra.

4.3.9 Vagnageymsla

Aðstaða fyrir barnavagna og kerrur í óupphituðu rými.

4.4 Heimasvæði: Efsta stig leikskóla, yngsta stig grunnskóla (5 - 9 ára) og frístundaheimili

Á hverju heimasvæði er eitt hóprými. Tvö heimasvæði á að vera hægt að tengja saman. Eitt hóprými skal vera sameiginlegt fyrir tvö heimasvæði og það skal vera aðgengilegt frá sameiginlegum svæðum. Starfsemi frístundaheimilis og kennsla fer fram í rýmum yngsta stigs grunnskóla og er því samnýtanlegt. Þannig er lögð áhersla á að skapa heildstætt flæði yfir daginn þar sem þarfir barnsins fyrir nám, starf og leik eru í forgrunni. Hönnunin á að

stuðla að góðri samvinnu, sameiginlegu eignarhaldi á rýmum og aðstöðu bæði á svæðum barnanna og í starfsmannaaðstöðu. Frístundaheimili og skóli hafa sameiginlegt anddyri og fatahengi. Sama á við um snyrtingar fyrir börn, fundaraðstöðu og undirbúningsrými. Samnýtanleg rými eru heimasvæði, hóprými, smiðja, hreyfisalur, matsalur og fjölnotasalur.

4.4.1 Smiðja

Í smiðju er aðstaða fyrir nám í sjónlistum, heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt fyrir yngstu börnin í skólanum (leikskóli, yngsta stig grunnskóla og frístundaheimili). Smiðjan er einskona verkstæði með skiptingu þar sem opið flæði er á milli svæða.

Þarna er m.a. vaskasvæði í hæð barnanna, lítil eldunaraðstaða (eldhúskrókur), aðstaða til að þurrka myndir. Stórt vinnuborð sem 12-15 börn geta staðið við. Hér er einnig aðstaða fyrir verkstæðisvagna fyrir ýmsa iðju til dæmis, náttúruvísindi, tækni, myndlist, bókahorn. Á smiðjusvæði þarf að gera ráð fyrir góðum innréttingum fyrir áhöld og efnivið til að stuðla að markvissri samnýtingu. Smiðjunni skal koma fyrir á sameiginlegu svæði en í tengingu/nálægð við önnur sameiginleg rými efsta stigs leikskóla, yngsta stigs grunnskóla/frístundaheimilis.

4.4.2 Inngangar

Gera skal ráð fyrir að 2-3 inngöngum og fatahólfi fyrir 8 heimasvæði. Í inngöngum eiga að vera geymslur fyrir skófatnað barna.

4.4.3 Fataklefi

Í fataklefa skulu vera fatahólf í hæð miðað við aldur barnanna og skóhillur. Einnig skulu vera fataskápar fyrir vinnufatnað starfsmanna. Gera skal ráð fyrir vaski. Skáp fyrir kústa, sjúkrakassa, óskilamuni og annað dót.

4.4.4 Þurrkaðstaða

Gera skal ráð fyrir þurrkaðstöðu í lokuðu rými fyrir útiföt. Þarf að vera í tengslum við fataklefa.

4.5 Miðstig grunnskóla (10 - 12 ára)

Heimasvæði miðstigs er fyrir 10 til 12 ára nemendur. Hvert heimasvæði eru með eitt hóprými. Fjögur heimasvæði eru sett saman í sundurskipt rými (með hóprýmum, lausum húsgögnum og skilrúmum). Auk þess eru stærri hóprými staðsett á sameiginlegu svæði og eru þau samnýtanleg. Mjög mikilvægt er að gegnsæi sé í öll hóprými og á milli heimasvæða og sameiginlegra svæða.

Þetta er sérstaklega mikilvægt til þess að sameiginlegu svæðin nýtist vel í námi, starfi og leik og gott flæði sé í skóla- og frístundadeginum og starfsemi skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Sameiginlegu svæðin við heimasvæði eru vinnu-, athafna- og slökunarsvæði nemenda og starfsfólks. Mikilvægt er að hljóðvist sé góð og dagsbirta í öllum rýmum.

4.6 Efsta stig grunnskóla (13 - 16 ára)

Heimasvæði miðstigs er fyrir 13 til 16 ára nemendur. Hvert heimasvæði eru með eitt hóprými. Fjögur heimasvæði eru sett saman í sundurskipt rými (með hóprýmum, lausum húsgögnum og skilrúmum). Auk þess eru stærri hóprými staðsett á sameiginlegu svæði og eru þau samnýtanleg. Mjög mikilvægt er að gegnsæi sé í öll hóprými og á milli heimasvæða og sameiginlegra svæða.

Þetta er sérstaklega mikilvægt til þess að sameiginlegu svæðin nýtist vel í námi, starfi og leik og gott flæði sé í skóla- og frístundadeginum og starfsemi skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Sameiginlegu svæðin við heimasvæði eru vinnu-, athafna- og slökunarsvæði nemenda og starfsfólks. Mikilvægt er að hljóðvist sé góð og dagsbirta í öllum rýmum.

4.6.1 Skólatorg og félagsrými

Á sameiginlegu svæði miðstigs og unglingastigs skal vera skólatorg. Þar má gera ráð fyrir að unglingar snæði, hvort heldur er nesti eða skólamáltíð. Þessi aðstaða nýtist einnig fyrir hóp- og einstaklingsvinnu í skólastarfi og í starfi á vegum félagsmiðstöðvar.

Tengt skólatorgi verður félagsrými sem nýtist félagsmiðstöð fyrst og fremst en einnig mið- og unglingastigi. Starfsemin kallar á mismunandi rými, 2–3 bæði stærri herbergi og minni til að vinna með fjölbreyttan hóp barna og unglinga að fjölbættum viðfangsefnum (hópastarf, samvera, afþreying, leikir, rafíþróttir). Mikilvægt er að hægt sé að hafa góða yfirsýn yfir svæði félagsrýmis. Skapa þarf pláss fyrir t.d. spjall, afslöppun, poolborð, pílukast og/eða pythokki. Gera skal ráð fyrir svæði fyrir sjónvarp og rafíþróttir. Það þarf að vera gott pláss til að fara í hina ýmsu leiki ásamt því að geta setið saman í hópum í sófum.

Huga þarf að því að starf félagsmiðstöðvar fer að stórum hluta fram að loknu hefðbundnu skólastarfi. Gera þarf ráð fyrir aðgengi að utan, möguleika á aðgangsstýringu eða hólfun án þess að hefta fjölbreytta starfsemi félagsmiðstöðvar og tryggja þarf að hin margvíslegu og sérhæfðu rými í byggingunni nýtist einnig þeirri starfsemi (s.s. fjölnotasalur, matsalur, hreyfisalur, íþróttasalur, list- og verkgreinasvæði, „skólatorg“ og sófakrókar í sameiginlegum rýmum).

4.7 List og verkgreinar

Í listgreinum er lögð áhersla á sköpun og þróun hugmynda sem hafa listrænt og fagurfræðilegt gildi. Verkgreinar skiptast í hönnun og smíði, sjónlistir (myndmennt) og textílmennt en einnig heimilisfræði. Í verkgreinum þurfa nemendur að hafa möguleika og aðstöðu til að beita þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt á markvissan hátt en einnig að beita ímyndunaraflinu og sköpunargáfu.

4.7.1 Verkstæði

Á sameiginlegu svæði list- og verkgreina sem tengist sjónlistum, textílmennt, hönnun og smíða á að vera aðstaða fyrir hugmyndaþróun og ígrundun. Hér fer fram upplýsingaöflun, hugmyndavinnu, úrvinnsla, skissu- og líkanagerð, sýningar og miðlun, sameiginlegt mat og hópvinna. Hér er einnig snillismiðja þar sem mögulegt er að raungera hugmyndir, með því

að hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Kennslusvæði sjónlista, hönnunar og smíði og textílmennnt eiga tengjast með greiðu aðgengi á milli þeirra. Sameiginleg vinnuaðstaða fyrir starfsfólk skóla og frístundastarfs er í tengslum við svæði list- og verkgreina.

Tenging við útisvæði fyrir grófa vinnu er æskileg (sjá lýsingu á lóð).

4.8 Sjónlistir (myndmennt)

Hér er unnið með alla miðla sjónlista. Svæðið skiptist í gróf og fín vinnu svæði. Mikilvægt er að innsýn sé á svæði myndmenntar.

Dæmi um svæðisskiptingu:

- Rúmgott rými fyrir fjölbreytt viðfangsefni til að rannsaka, skapa og greina.
- Geymslu með hillum og skúffum undir efni og verk í stórum stærðum, getur einnig verið hluti af innréttingu.

4.8.1 Rými fyrir leirbrennsluofn (keramikofn)

Gera ráð fyrir útsogi/útloftun

4.8.1.1 Efnisgeymsla

Geymsla fyrir efni og verkfæri sem getur verið hluti af innréttingu

4.8.2 Textílmennnt

Textílmennnt felst m.a. í þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur læra að vinna með ólík efni og áhöld á sjálfstæðan hátt. Á svæði fyrir textílvinnu þarf að vera góð birta. Þar þarf að vera vinnuborð til að sníða og máta.

Dæmi um svæðaskiptingu;

- Blautsvæði með vinnustöðvum
- Svæði fyrir verkstæðisvagna fyrir efnivið og áhöld
- Gera þarf ráð fyrir vögnum á hjólum fyrir efnivið og áhöld
- Stóra skápa sem nýtast sem efnisgeymsla

4.8.2.1 Efnisgeymsla

Geymsla fyrir efni og verkfæri sem getur verið hluti af innréttingu

4.8.3 Hönnun og smíði

Rými fyrir hönnun og smíði er notað undir margháttða kennslu og verkefnavinnu, því þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki í skipan og uppbyggingu þess.

Dæmi um svæðisskiptingu:

- Trésmíðasvæði
- Glervinna og vinna með hitapolnum borðplötum
- Svæði fyrir málningarvinnu og aðra yfirborðsmeðhöndlun efna í tengslum við verkstæðisrýmið
- Stóra skápa sem nýtast sem efnisgeymsla.

Krafa er um góða yfirsýn í rýminu og því mikilvægt að tryggja sýnileika, t.d. með glerveggjum og breiðum opnunum milli rýma.

Æskilegt að hafa aðgang utandyra að smiðju, verkstæði, þar sem hægt er að tálga, höggva og smíða úr járni.

4.8.3.1 Lokað rými fyrir vélar

Rýmið er fyrir vélar þar sem nemendur þurfa sérstakt eftirlit. Það skal vera með gluggum þannig að kennari hafi alltaf fullkomna yfirsýn yfir allt kennslusvæðið hvort sem að hann er í lokaða rýminu eða á verkstæðissvæðinu.

4.9 Heimilisfræði

Heimilisfræðistofa þarf ekki nauðsynlega að vera hluti af svæði list- og verkgreina. *Æskilegt er að hún sé í nálægð við mötuneyti skólans.*

- Verklega kennslan fer fram við eldhúseyjar. Hver eyja er innréttuð fyrir allt að 3 til 5 nemendur
- Borðsvæði: Fræðilegi hluti kennslunnar fer venjulega fram við frístandandi borð
- Í beinum tengslum við rýmið skal vera svæði sem nýtist sem þvottahús
- Rúmgóðar innréttingar

Æskilegt er kennslurými fyrir heimilisfræði tengist útisvæði þar sem meðal annars verður aðstaða til ræktunar (gróðurhús) og kennslu. *Sjá lýsingu á lóð.*

4.10 Náttúrugreinar

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Í náminu fléttast saman efnisþættir náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Kennsla í náttúrugreinum er í vaxandi mæli þverfagleg (til dæmis sköpun, tækni, náttúruvísindi), þar sem greinarnar styðja hver við aðra. Samvinna er mikil og gjarnan unnið þvert á greinarnar í hópastarfi.

Áherslur og tækni er síbreytileg og því mikilvægt að þessi rými bjóði upp á sveigjanleika í nýtingu og staðsetningu lagna (vatn og rafmagn), stærð rýma og búnað o.fl.

Dæmi um svæðisskiptingu:

- Aðstaða fyrir hópavinnu og einstaklingsvinnu
- Tilraunasvæði
- Geymslusvæði/skápar – aðstaða fyrir verkstæðisvagna fyrir efnivið og áhöld

Æskilegt er kennslurými fyrir náttúrugreinar tengist útisvæði þar sem meðal annars verður (sullusvæði), aðstaða til moltugerðar, rannsókna á veðurfari og ræktunar (gróðurhús).

Sjá lýsingu á lóð.

4.11 Upplýsingamiðstöð

Í upplýsingamiðstöð fá nemendur/börn aðgang að fjölbreyttum bókakosti, stafrænum upplýsingum og margvíslegum gögnum sem þeir geta unnið áfram og miðlað til annarra þar sem við á. Á svæðinu er verkstæði þar sem starfsfólk og nemendur geta unnið og m.a. framleitt miðlunarefni og skapandi úrlausnir, lesið bækur og fengið þær lánaðar. Jafnframt fer þar fram dreifing og útlán á fjölbreyttum gögnum (bóklegum, stafrænum og öðrum) og

upplýsingaverið er því vinnustaður fyrir bæði nemendur/börn og starfsfólk. Upplýsingatækni og aðrir miðlar eru hluti af upplýsingaverinu, mikilvægt að það bjóði upp á svæði/staði þar sem minni hópar eða einstaklingar geta unnið óáreittir, slíkt svæði má gjarnan vera aðgengilegt og með opnum tengingum við önnur svæði byggingarinnar. *Góð tenging við skólatorg er æskileg.*

4.12 Tónlistarmiðstöð

Tónlistarmiðstöð er í notkun frá morgni til kvölds og er nýtt undir skólastarf, starf frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar, skólahljómsveitar, tónlistarskóla og almennings.

Tryggja þarf aðgengi að tónlistarmiðstöð beint að lóð þannig að hún nýtist þótt aðrir hlutar byggingarinnar séu lokaðir. Fimm aðalsvið tónmenntakennslunnar eru söngur, hljóðfæraleikur, tónfræði, tónsköpun og hreyfing. Kennslustund í tónmennt getur verið afar mismunandi og spannað allt frá fræðilegri kennslu, yfir í hljóðfæraleik, dans, leik og söng. Í tónmenntastofu þarf innréttingar fyrir hljóðfæri og aðstöðu fyrir vagna með hljóðfæri þá á að vera hægt að flytja á milli svæða og auka þannig enn frekar á sveigjanleikann. Huga þarf sérstaklega að góðri hljóðvist. *Tónmenntastofa og tengd rými eiga gjarnan að tengjast fjölnotasal.*

4.12.1 Æfingarými fyrir tónlistarkennslu

Í tengslum við tónmenntakennslurýmið eiga að vera þrjú minni æfingarými sem nýtast til hljóðfærakennslu á vegum skólahljómsveitar og tónlistarskóla.

4.12.2 Mynd og hljóðvinnsluherbergi

Tengd tónmenntarými á að vera upptökuherbergi (box-in-box hönnun) og mynd- og hljóðvinnslu herbergi. Þetta rými á einnig að nýtast fyrir „hljómsveitaræfingar“.

4.13 Fjölnotasalur

Fjölnotasalur er sameiginlegur fyrir alla starfsemi sem fer fram í byggingunni yfir daginn og á kvöldin. *Æskilegt að hægt sé að tengja fjölnotasal og matsal.*

Í fjölnotasal taka börn þátt í sameiginlegum stærri viðburðum og uppákomum. Lofthæð skal vera a.m.k. 7 metrar. Mikilvægt er að fjölnota salur sé vel staðsettur með beinu aðgengi frá lóð skólans. Tryggja þarf að salurinn geti verið opinn þegar aðrir hlutar byggingarinnar eru lokaðir. Þannig má nota hann undir samkomur og starfsemi á öllum tímum sólarhrings allt árið um kring.

4.14 Skólamötuneyti

Skólamötuneytið/skólaeldhúsið er vinnustaður þeirra sem búa til mat handa börnum og starfsfólki. Gott aðgengi þarf að vera fyrir vörumóttöku/aðföng? og greiður aðgangur að matsal og fjölnotasal.

4.14.1 Skólaeldhús

Skipta skal eldhúsi í svæði eftir vinnslu á hrávöru. Gera skal ráð fyrir opnanlegum gluggum í eldhúsi. Dagsbirtuskilyrði eiga að vera góð. Góðar teningar við matsal og fjölnotasal.

4.14.2 Geymslur og uppvottarými

Uppvottasvæði skal vera í sérrými en þó tengt beint við eldhús.

4.14.3 Kæli- og frystiklefar

Kæliklefi skal hafa beint aðgengi frá eldhúsi.

4.14.4 Þurrvörulager

Gera ráð fyrir fyrir lagerrými fyrir þurrvöru. Æskilegt að lagerinn sé tengdur vörumóttöku.

4.14.5 Ræsting

Gera ráð fyrir sérrými fyrir ræstingu eldhúss.

4.14.6 Aðstaða starfsmanna

Hvíldar og vinnurými, hægt að setjast niður, panta aðföng ofl.

4.14.7 Snyrting starfsmanna

Gera ráð fyrir sér snyrtingu fyrir starfsfólk eldhúss, æskilegt að sé í tengslum við búningsklefa.

4.14.8 Búningaaðstaða starfsmanna

Starfsfólk skal hafa aðgang að búningsklefa, sturtu og munaskápum

4.14.9 Vörumóttaka

Tryggja þarf aðgengi fyrir vörur að eldhúsi.

4.15 Matsalur

Í matsal geta leikskólabörn og grunnskólanemendur borðað í þrem til fimm „hollum“ bæði morgun- og hádegismat. Áhersla á að börnin afgangi sér mat sjálf. Síðdegishressing frístundaheimils fer fram í matsal. *Æskilegt er að matsalur tengist fjölnotasal.*

4.16 Íþróttamiðstöð

Íþróttamiðstöð er í notkun frá morgni til kvölds og er nýtt undir skólastarf, starf frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar, íþróttafélaga og almennings. Mikilvægt er að góður sýnileiki og gegnsæi sé inn í hreyfisalina og íþróttasalinn þannig að sú starfsemi sem að þar fer fram sé hluti af skóla – og frístundastarfi. Íþróttasalur er ekki stakstæð bygging, heldur samofin annarri starfsemi. Hreyfisalir þurfa ekki að vera í tengslum við íþróttasal. Tryggja þarf að íþróttamiðstöð þannig að hún nýtist þótt aðrir hlutar byggingarinnar séu lokaðir. Gera þarf ráð fyrir aðkomu neyðarbíla.

4.16.1 Íþróttasalur

Miðað er við að í íþróttasal sé gólflötur 18m x 33m gólflötur. Lofthæð 7 metrar. Ekki er um að ræða hús til keppnisgreina. Íþróttasalinn þarf að vera hægt að nýta undir margskonar starfsemi og samkomuhald. Í beinum tengslum við íþróttasal skal gera ráð

fyrir rúmgóðum áhaldageymslum fyrir íþróttabúnað. Búnings- og sturtuáðstöðu sem og aðstöðu íþróttakennara. Nauðsynlegt að hægt sé að nýta rýmið utan hefðbundins skóladags.

4.16.2 Hreyfisalur

Gera skal ráð fyrir hreyfisal sem mun nýtast jafnt börnum á leikskólaaldri, grunnskólaaldri í starfi frístundaheimilis og hugsanlega félagsmiðstöðvar. Í hreyfisal á að vera hægt að fara í fjölbreytta hreyfingu. Hreyfisalur nýtist fyrir tónmenntakennslu þar til að tónlistarmiðstöð kemur í 2. áfanga. Ekki er gert ráð fyrir að þeir sem nota hreyfisali þurfi búningsaðstöðu. Möguleiki á því að skipta rýminu í tvennt. Æskilegt að lofthæð sé góð.

4.16.3 Áhaldageymsla

Í tengslum við íþróttasal þarf að vera geymsla fyrir áhöld og búnað sem tengist kennslu í íþróttum.

4.16.4 Búningaaðstaða, sturtuklefar og snyrtingar

Í tengslum við íþróttasal skal gera ráð fyrir viðeigandi aðstöðu fyrir notendur. Snyrtingar og búningaaðstaða skulu vera í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar.

4.16.5 Búningsklefi – einstaklingsbundin aðstaða

Búningaaðstaða fyrir einstaklinga þar sem algild hönnun er tryggð, einnig þeirra sem kjósa að deila ekki búningsklefa með öðrum.

4.16.6 Aðstaða starfsfólks/íþróttakennara

Búningsaðstaða fyrir starfsfólk íþróttu og þjálfara, þar sem aðgangur er að sturtu, og snyrtingu.

4.16.7 Hvíldaraðstaða/sjúkraherbergi

Í tengslum við íþróttasal skal gera ráð fyrir hvíldarherbergi.

4.17 Stjórnunar- og starfsmannarými

4.17.1 Móttaka

Móttaka skal hafa aðgengi beint frá lóð, vera staðsett miðsvæðis og vel sýnileg, en þangað geta allir snúið sér með erindi til leikskólans, grunnskólans, félagsmiðstöðvar eða frístundaheimilis. Gott aðgengi skal vera frá móttökusvæði að fundaraðstöðu.

4.17.2 Stjórnunarskrifstofur

Gera þarf ráð fyrir rými fyrir stjórnendateymi sem getur talið allt að 8 manns þ.e. skóla- og frístundastjórnendur, rekstrarstjóra, deildastjóra stoðþjónustu og aðra deildarstjóra eftir því sem starfsemin vex. Gert er ráð fyrir að fundir með stjórnendum fari fram í fundarherbergjum sem tengd eru stjórnunarskrifstofu.

4.17.3 Fundar- og viðtalsrými

Fjöldi fundarrýma við stjórnunarrými skulu vera fjögur.

- Rými fyrir 12 manns
- Rými fyrir 8 manns
- Rými fyrir 6 manns
- Rými fyrir 2

4.17.4 Kaffistofa – og hvíldarrými

Kaffistofa er fyrir allt starfsfólk þ.e. þá sem starfa í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð. Hér gefst kostur á að taka hlé frá starfi en einnig að sinna undirbúningi. Kaffistofa skal staðsett í tengslum við fundarherbergi og stjórnunarsvæði, sé þess nokkur kostur. Kaffistofa þarf að vera björt og rúmgóð. Gott er ef hægt er að hólfa stofuna niður. Þarna eiga starfsmenn að geta sest niður í mjúk sæti, sófahorn, hvíldarrými o.s.frv. Gera má ráð fyrir allt að 160 starfsmönnum í fullbyggðum skóla.

4.17.5 Gagnasmiðja

Í þessari aðstöðu er hægt að fjölfalda, prenta og vinna ýmis gögn.

4.17.6 Fatahengi starfsfólks

Í tengslum við starfsmannaðstöðu eru læst munahólf ásamt fatahengi og skóhirslu.

4.17.6.1 Búningaaðstaða

Í tengslum við starfsmannaðstöðu er aðstaða fyrir starfsfólk til að skipta um föt.

4.17.7 Snyrtingar starfsfólks

Allar snyrtingar skulu vera í sérrými með vatnssalerni og handlaug. Tryggja þarf aðgengi allra. Búnings- og sturtuaðstaða skal vera í samræmi við samgöngustefnu Reykjavíkurborgar.

4.17.8 Skólaheilsugæsla

Í tengslum við rýmið skal vera þjónustuaðstaða fyrir fatlaða (sturta, salerni, hvíld) og mögulega ungbarnaskoðun.

4.18 Þjónusturými – Tæknirými

Gera skal ráð fyrir aðstöðu og góðu aðgengi fyrir þá sem sinna viðhaldi og umsjón fasteignarinnar og kerfum hennar og vera með eftirfarandi aðstöðu:

4.18.1 Inntaksrými/tölvurými/tæknirými fyrir loftræstikerfi

4.18.2 Ræstimiðstöð/þvottur

Á hverri hæð skal staðsetja að lágmarki eina ræstiaðstöðu þar sem er ræstivaskur og nægilegt rými fyrir ræstivagn. Í skólanum skal vera eitt þvottarými fyrir stórar vélar og língeymslu og aðstaða til að brjóta saman þvott. Gott væri ef þetta rými gæti verið nálægt leikskóla eða eldhúsi.

4.18.3 Verkstæði

Aðstaða fyrir iðnaðarmenn til að sinna viðhaldi og lagfæringum.

4.18.4 Sorpflokkunarmiðstöð

Sorpgeymsla skal vera á lóð með auðveldu aðgengi fyrir starfsfólk sorphirðu.

4.18.5 Vörumóttaka

Vörumóttaka fyrir starfsemi skólans.

4.19 Útikennslustofa fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Útikennslustofa skal vera við skólann. Þar verður eldhúskrókur, snyrtingar o.s.frv. (*sjá húsrýmisáætlun*). Er þar gert ráð fyrir því að börn á yngsta stigi grunnskóla geti sótt nám viku í senn í útideildinni. Útikennslustofan verður ekki á afmarkaðri lóð.

4.20 Færanlegar kennslustofur - byggingarreitur

Gera skal byggingareit fyrir færanlegar stofur sem verða nýttar áður en fullbúin bygging fyrir skóla- og frístundastarf verður tilbúin. Keppendur þurfa að sýna byggingarreit fyrir allt að 10 færanlegum kennslustofum. Stofurnar á að vera hægt að nýta á byggingartíma. Auðvelt á að vera að tengja stofurnar við lagnakerfi og koma þeim fyrir á sem auðveldastan hátt.

5 Fleyvangur: Lóð, göngu- og hjólabrú

Fleyvangur verður nýtt útivistarsvæði, almenningsrými og lóð fyrir skóla- og frístundastarf og er heildstæð útfærsla svæðisins hluti samkeppninnar. Einnig á að leysa tengingu um göngu- og hjólabrú milli íbúðabyggðar í Vogabyggð og útisvæða á Fleyvangi. Nálægðin við vatn mun hafa áhrif á starfsemina. Elliðaárvogur og Elliðaárnar gefa tækifæri til að mynda nýtt og öðruvísi rými til að upplifa, leika og læra. Fleyvangur býður upp á möguleika til margþættrar hreyfingar og vatnaípróttu, siglinga og róðra. Hér gefst tækifæri til að prófa og þróa nýjar leiðir kennslu í tengslum við vögin og mikilvægt að á svæðinu sé tryggt rými fyrir þekkingarleit. Þarna gefst tækifæri til að nýta sér þekkingu á vatninu sem umhverfi og bústað lifandi vera, sjávardýra og gróðurs, líffræði þess, veðurfræði og jarðfræði. Mikilvægt er að nálgast svæðið af virðingu þar sem börn læra frá unga aldri á straumana, flóð og fjöru þar sem þau geta mögulega setið, skoðað, dorgað, og notið þess að vera til staðar.

5.1 Lóð og útisvæði

Mikilvægt er að samspil sé á milli lóðarinnar og þeim almenningsgarði og útivistarsvæði sem Fleyvangur verður. Lóð og útisvæði eiga að nýtast börnum og unglíngum til náms, leikja og ípróttu allan ársins hring, auk þess að vera útivistarsvæði Vogabyggðar og

borgarinnar í heild sinni. Skapa á góðar aðstæður til útináms og stuðla þannig að aukinni útiveru í þroskavænlegu umhverfi.

Skilgreina má ólíka notkun svæða. Hér eru kveikjur að útfærslum sem eru ekki bindandi:

- Þemaskipta má lóðinni svo hvert aldurstig eigi sitt „heimasvæði“ á lóðinni.
- Afmarkað svæði fyrir yngstu börnin.
- Svæði fyrir eldri leikskólabörn.
- Svæði fyrir yngstu börn grunnskólans.
- Fjölbreytt svæði fyrir leiktæki, leikvelli og boltavelli.
- Svæði fyrir hlutverkaleiki.
- Útikennslusvæði (náttúrufræði, verkgreinar, íþróttir, listir o.fl.).
- Viðverusvæði/andrymi/ „kósi“ svæði.
- Skilgreina hjólastæði og bílastæði.

Tryggja þarf að vegur sem liggur inn á Fleyvang og þjónustar bygginguna og smábátahöfn sé hannaður með þeim hætti að hæg umferð sé tryggð í gegnum svæðið og hann falli vel að náttúrulegu umhverfi. Mikilvægt er að allar stígatengingar séu vel skilgreindar og hvar staðsetning hjólastæða barna og starfsmanna verður. Skilgreina aðkomu bíla með aðföng/sorphirðu/neyðarbíla. Hönnun lóðar þarf að taka tillit til tengingar hennar við nærliggjandi samgöngumannvirki. Skipulag svæðisins skal taka mið af þörfum mismunandi aldurshópa.

5.2 Vatn og útisvæði

Á svæðinu á að vera mögulegt að upplifa vatn á margvíslegan hátt.

Hér eru kveikjur að útfærslum sem eru ekki bindandi.

- Afmarkaður pollur: til að dorga, leika við sjávarborðið, byggja fleka, rannsaka náttúruna.
- Strönd: hér er hægt að byggja kastala, grafa eftir kuðungum, steinum og skeljum, fylgjast með fuglalífi.
- Fiskabúr í ólíkum stærðum, þau geta verið hreyfanleg, hér er hægt að læra um fiskana í sjónum, verka þá, o.s.frv.
- Hið fljótandi námssvæði – hér eiga börnin sinn stað til náms/og verka.
- Fljótandi svið – hér er hægt að sýna og leika.
- Athafnasvæði til að græja sig á kajak og aðrar minni fleytur.

5.3 Öryggi – mörk og aðgengi

Öryggið í kringum voginn og höfnina snýst um aðgengi og afmörkun. Afmörkun er bæði huglæg og eiginleg. Í huglægrri merkingu snýst það um þau uppeldisfræðilegu sjónarmið sem fyrir okkur er haft. Tryggja þarf afmörkun svæða og útfærsla þeirra hugi að þessum atriðum. Mörkin þurfa að vera skýr ef við viljum ekki að börn komist að ákveðnum svæðum. Það geta verið girðingar, gróður og aðrar náttúrulegar hindranir sem að við nýtum til afmörkunar ásamt því að mynda leiðir að stöðum sem vekja áhuga og innblástur. Lóðin verður hluti af þeim almenningsgarði og útivistarsvæði sem Fleyvangur verður. Æskilegt er að hönnun útisvæða taki tillit til þessara þátta og skapi afþreyingu fyrir alla.

5.4 Náttúruupplifun

Upplifun náttúrunnar er mikilvægur þáttur bæði í leik og námi. Náttúruupplifun má m.a. ná fram í trjá- og runnagróðri sem þegar er á svæðinu. Mikil nánd er við Elliðaárnar og voginn, fjaran og fuglalífið á svæðinu er því kveikja fjölbreyttrar náttúruupplifunar. Hafa þarf hins vegar hugfast að í vöginum er afar mikill munur sjávarstöðu flóðs og fjöru (rúmir fjórar metrar).

5.5 Útikennslusvæði

Mikilvægt er að góðar tengingar verði á milli námssvæða innanhúss og útisvæða sem tengjast sérgreinasvæðum svo hægt sé að leggja áherslu á útikennslu viðkomandi sérgreinar og frístundastarfs.

Útisvæðin geta t.d. tilheyrt eftirfarandi námsgreinum: náttúrugreinar, heimilisfræði, hönnun og smíði, íþróttir og hreyfing. (svæðin geta haft sameiginlega aðstöðu).

Hér eru kveikjur að útfærslum sem eru ekki bindandi.

5.6 Náttúrugreinar

Dæmi um útikennsluaðstöðu fyrir náttúrufræði:

- Upphækkuð plöntubeð sem svæði fyrir tilraunaræktun.
- Gróðurhús.
- Moltu-/safnhaugur.
- Traustar veðurþolnar borðplötur með vöskum og krönum.
- Yfirbyggt skýli.
- Skjól gott rými með drumbum í hring og möguleika á að setja upp tjaldhiminn.
- Áhaldaskúr eða útigeymsla.

5.6.1 Heimilisfræði

Dæmi um útikennsluaðstöðu í heimilisfræði:

- Nestisstaður fyrir börn og unglinga, sem mögulegt er að hafa undir þaki.
- Stað fyrir varðeld og aðra útiöldun (grill, prímusar).
- Áhaldaskúr (eða útigeymsla).
- Matjurtagarður/ Gróðurhús.

5.6.2 Verkgreinar

Dæmi um útikennsluaðstöðu fyrir verkgreinar:

- Grófvinnusvæði þar sem börnin geta smíðað úr léttsteypu, tré o.fl.
- „Tálguhringur“ (nemendur geta setið í hring og tálgað).
- Verkfæraskúr.

5.6.3 Íþróttir/hreyfing

Boltaleikir eins og körfubolti, fótolti, brennó og ákveðnar frjáls íþróttagreinar eru mikilvægur þáttur í kennslunni, en parkour, ratleikur, dans, jóga, hreystitæki, eða klifur

geta einnig verið hluti af útikennslunni. Hér er tækifæri til að hluti kennslunnar og sýningar fari fram utandyra. Fjölbreytni er mikilvæg.

6 Hjóla og göngubrú

6.1 Tenging brúar við Vörputorg/almannarými og skólalóð

Brúin er afar mikilvæg og verður aðal samgönguæðin milli íbúðabyggðar og skólabyggingar, skólabörnin eiga að hafa sérstakan forgang og þarf hönnun að taka mið af því. Í tillögunni þarf að vinna með þann hæðarmun sem er í umhverfinu frá Háubökkum að Fleyvangi og hvort brúin verður hluti af nýrri skólabyggingu og lóð eða stakstætt mannvirki. Sýna þarf útfærslu tengingar brúar við bæði Vörputorg/almannarými og skólalóð, þá skulu tengingar brúar að landi falla vel að umhverfi sínu með öryggi allra vegfarenda í huga.

Mikilvægt er að öryggi á brúnni sé tryggt þegar farið er yfir brúnnu óháð veðri, dagsbirtu eða ferðamáta. Byggingarhlutar brúar þurfa að geta brotið vind. Aðgreina skal gangandi og hjólandi umferð um brúnnu.

Auk þess að vera mikilvægasta tengingin fyrir skólabörn og starfsfólk er markmiðið með brúnni að efla stíganet borgarinnar og tengingar hverfa við útivistarsvæði í Elliðaárvoginum.

Brúin þarf að vera sjónrænt hvetjandi t.d. með litavali, gróðri, áningarstöðum á brúnni. Fella þarf hönnun torgsvæðis (Vörputorg)/ lendingarstaðs vel að brú þannig að svæðið taki mið af allri tegund umferðar sem um brúnnu á að fara svo öryggi allra vegfarenda um aðliggjandi svæði og brú sé gætt í hvívetna. Sama á við um tengingu brúar og skólalóðar. Sem hluti heildarhönnunar verður brúin að vera eðlileg tenging við Vogabyggð.

6.2 Göngu og hjólaleiðir að og frá brú

Stígar skulu vera vel tengdir stofn- og tengistíganeti, göngu- og hjólastígum, í nágrenninu. Þá skal umgjörð og einkenni stíganna taka mið af þeirri uppbyggingu sem á svæðinu verður.

6.3 Æskilegur halli stíga og brúar

Æskilegt er að langhalli stíga sé því sem næst 20% (1:50). Til að tryggja aðgengi fyrir alla skal langhalli brúar og stíga almennt ekki vera meiri en 50% (1:20). Sé ekki hjá því komist má halli stígs vera allt að 83% (1:12) á stuttum kafla (< 3 m), en halli á brú skal ekki vera meiri en 50%. Frekari kröfur um hámarks lengdir á langhalla má sjá í töflu 1 að neðan, í leiðbeiningum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um algilda hönnun utandyra, leiðbeiningum SSH og Vegagerðarinnar um hönnun hjólastíga og leiðbeiningum dönsku samgöngustofunnar (Vejdirektoratet) um hönnun stígbrúa (Geometrisk udförming af stibroer). Sé halli á stíg um eða yfir 50% er æskilegt að komið sé fyrir 2 m löngum hvíldarpöllum við hverja 0,6 m hæðaraukningu. Þverhalli stíga skal bæði almennt og mest vera 25%.

Langhalli	Mesta lengd á stíg	Mesta lengd á brú
50‰ (1:20)	100 m	50 m
45‰ (1:22)	200 m	100 m
40‰ (1:25)	400 m	200 m
35‰ (1:29)	600 m	300 m
30‰ (1:33)	Ótakmarkað	500 m

6.4 Breidd stíga og brúar


Hindranir við kanta stíga, líkt og handrið, minnka virka breidd þeirra um u.þ.b. 0,5 m. Breidd brúar milli handriða (virk breidd) skal því vera hið minnsta 4,5 m og skulu endar handriða vera útfærðir þannig að þeir valdi ekki árekstrarhættu.

6.5 Gróður og landmótun á jöðrum brúar

Grænt yfirbragð skal einkenna jaðra brúar og skal gróður taka mið af nærumhverfinu. Tryggja þarf góðar sjónlínur að og frá brú. Gæta þarf að líffræðilegum fjölbreytileika og þarf gróður að taka mið af öllum árstíðum.


6.6 Lýsingarhönnun

Brúin þarf að vera örugg og aðgengileg allan sólarhringinn á öllum árstímum, lýsing mjög mikilvægur þáttur við hönnun brúarinnar.



Keppnislýsing þessi og samningur á milli Arkitektafélag Íslands og Reykjavíkurborgar er grundvöllur samkeppninnar. Keppnislýsingin er samþykkt af verkkaupa og dómnefndarfulltrúum.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar
Ólöf Örvarsdóttir,



sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs

Fyrir hönd Arkitektafélags Íslands
Sigríður Maack,




formaður AÍ

Ósk Soffía Valtýsdóttir,




formaður dómnefndar
deildarstjóri nýbygginga,
skrifstofa framkvæmda og viðhalds Umhverfis- og skipulagssvið

Ásdís Olga Sigurðardóttir,




verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála
Skóla- og frístundasvið

Helgi Grímsson,



sviðsstjóri
Skóla- og frístundasvið

Hrafnhildur Sverrisdóttir,



verkefnastjóri hjá Skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,



Landslagsarkitekt FÍLA

Steve Christer,



arkitekt FAÍ

Steinþór Kári Káráson



arkitekt FAÍ



Reykjavík